

LESTRARSTEFNA ÁRBÆJARSKÓLA



Innihald

LESTRARSTEFNA ÁRBÆJARSKÓLA	3
Læsi.....	3
Grunnpættir	3
Hljóðkerfisvitund	3
Lesfimi	3
Orðaforði.....	3
Tjáning.....	3
Lesskilningur	3
Ritun	4
Lestrarstefna	4
Áherslur	4
Leiðir.....	4
Íslenska sem annað tungumál.....	4
Áherslur	4
Leiðir.....	4
Samstarf við foreldra	5
Áherslur	5
Leiðir.....	5
Lestrarmenning.....	5
Áherslur	5
Leiðir.....	5
Frávik í læsi	5
Áherslur	5
Leiðir.....	5
Niðurstöður og eftirfylgd.....	7

LESTRARSTEFNA ÁRBÆJARSKÓLA

Læsi

Læsi er undirstaða alls náms. Læsi felur í sér færni einstaklingsins til að tala, lesa og rita tungumál sitt ásamt því að geta aflað sér upplýsinga úr umhverfinu. Markmið íslenskukennslu í grunnskóla er að gera nemendur hæfa til að tjá sig um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Leiðarljósið í kennslu móðurmálsins er að auðga orðaforða nemenda sem birtist jafnt í ræðu þeirra og riti og vekja þá jafnframt til umhugsunar um ábyrgð þeirra sem málnotenda.

Góð lestrarfærni eykur lífsgæði og með góðu samstarfi við foreldra og aukinni þátttöku þeirra í læsi og lestrarnámi, er verið að bæta möguleika nemenda til framtíðar.

Lestur þarf að þjálfa reglubundið, bæði í skólanum og heima, og því mikilvægt að eiga í góðu samstarfi til að ná sem bestum árangri. Eftir því sem tímanum vindur fram á sjálfstæði nemanda í lestri að aukast og lokamarkmiðið er að nemendur ljúki skólagöngu sinni í Árbæjarskóla færir um að nýta sér upplýsingar úr þeim textum og gögnum sem þeir þurfa, auk þess að geta komið frá sér upplýsingum í rituðu máli.

Grunnþættir læsis

Hljóðkerfisvitund

Góð hljóðkerfisvitund er nauðsynleg undirstaða fyrir lestrarnám. Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingorðlu tungumálsins og hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar.

Lesfimi

Umskráning vísar til þess þegar einstaklingur breytir bókstöfum í hljóð og tengir saman í orð sem hann skilur og þekkir sem orðmyndir. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjanda í lestri.

Orðaforði

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál en hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða. Því fleiri orð sem lesandinn þekkir í texta því hraðar og betur gengur honum að lesa hann.

Tjáning

Tjáning er mikilvægur hluti af þroska barna og þarf að æfa á fjölbreyttan hátt. Tjáning eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og unglinga og er grunnur þess að geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðra.

Lesskilningur

Lesskilningur er flókið ferli sem felur í sér hugræna úrvinnslu og túlkun lesandans á texta. Lesskilningur felst í nákvæmum skilningi á því sem ritað er og fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings. Með því að bæta lesfimi eflist jafnframt lesskilningur.

Ritun

Lestur og ritun þarf að þjálfa samhliða. Ritun er ferli þegar rittákn eru notuð til að skrá niður tungumálið, hugsanir og orð. Hvetjandi ritmálsumhverfi er mikilvægt og veitir lesandanum tækifæri til að fylgjast með öðrum og prófa sig áfram.

Leiðarljós lestrarstefnu skólans

Gengið er út frá sex þáttum í lestrarstefnu skólans, allt frá almennum áherslum í lestrarnáminu til eftirfylgni og mats.

Almennt um lestrarnám

Áherslur

- Að 90% nemenda geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla.
- Að vinna með alla grunnþætti læsis.
- Að markviss lestrarkennsla fari fram í 1.-10. bekk.
- Að lesið sé fyrir nemendur heima og í skóla.
- Að lestur sé þjálfaður út frá þörfum nemenda hverju sinni.

Leiðir

- Endurmenntun kennara í læsisfræðum.
- Markviss kennsluáætlun í íslensku þar sem grunnþættirnir eru hafðir að leiðarljósi.
- Fjölbreyttar aðferðir við lestrarkennslu notaðar.
- Skapaður vettvangur fyrir samræður við nemendur.
- Einstaklingsmiðuð nálgun.
- Daglegur lestur nemenda í skólanum í 1. - 7. bekk.
- Nemendur í 1. - 10. bekk lesa daglega heima.
- Foreldrar eru ábyrgir fyrir framkvæmd og skráningu heimalesturs.
- Kennarar eru ábyrgir fyrir eftirfylgd með heimalestri.

Íslenska sem annað tungumál

Áherslur

- Að allir nemendur hafi sömu möguleika til að ná góðum árangri í læsi óháð móðurmáli.
- Að auka orðaforða í íslensku með tengingu við móðurmál.
- Að efla skilning foreldra á mikilvægi íslenskunnar með tilliti til hugsanlegra námsmöguleika í framtíðinni.
- Að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna.

Leiðir

- Aukin orðaforðakennsla.
- Aukin orðaforðakennsla með myndrænu efni.
- Auka samvinnu kennara, þvert á námsgreinar, með nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Aðlaga kennslu og námsgögn að fjölmennningarlegum nemendahópum.
- Efla stuðning svo erlendir nemendur nái viðmiðum í læsi.
- Auka aðgang að bókum og öðru ritmáli á ólíkum tungumálum.

Samstarf við foreldra

Áherslur

- Að styðja foreldra í læsisuppeldi nemenda.
- Að efla samstarf við foreldra.
- Að kennarar fylgist náið með heimalestrarvinnu nemenda.
- Að framfarir í læsi séu settar fram á skilmerkilegan og hvetjandi hátt fyrir foreldra og nemendur.

Leiðir

- Fræðsla til foreldra um læsi og lestrarnám.
- Upplýsa foreldra um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar.
- Markviss vinna og eftirfylgni með lestrarheftum nemenda.
- Að kennarar upplýsi og ræði frammistöðu heimalesturs við foreldra og nemendur reglubundið.
- Foreldrar séu upplýstir um viðmið sem sett eru varðandi frammistöðu í læsi.

Lykilinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan lestur þar sem kennarar og foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og auki þar með færni sína. Mikilvægt er að nemendur hafi góðar fyrirmyndir í umhverfi sínu sem lesa reglulega fyrir þá og með þeim.

Lestrarmenning

Áherslur

- Að efla lestraráhuga nemenda í gegnum áhugasvið þeirra.
- Að ritmál sé sýnilegt í skólanum.
- Að skapa vettvang fyrir verk og hugmyndir nemenda sem tengjast læsi til að efla lestrarmenningu.
- Að kynna fyrir nemendum fjölbreytta texta og bækur með reglubundnum lestarstundum.

Leiðir

- Auka læsishvetjandi efni í umhverfi okkar í skólanum.
- Að fjölga heimsóknum á almenn bókasöfn.
- Reglulega spennandi lestrarsprettir.
- Skapa vettvang þar sem afrakstur vinnu nemenda er sýnilegur.
- Fjölga lestrarstundum í kennslustundum.

Frávik í læsi

Áherslur

- Að beita snemmtækri íhlutun með áherslu á öflugan lestrarstuðning í 1.-4. bekk.
- Að veita stöðugan lestrarstuðning nemendum sem þurfa á því að halda.
- Að kynna nemendum og foreldrum úrræði vegna lestrarerfiðleika.
- Að kenna nemendum á tæki sem þeir geta nýtt sér vegna lestrarerfiðleika.

Leiðir

- Bregðast þarf við með snemmtækri íhlutun um leið og grunur vaknar um frávik í málþroska eða læsi með öflugri kennslu.
- Tryggja að gerðar séu einstaklingsáætlanir fyrir nemendur með lestrarerfiðleika.
- Fræðsla og starfsþróun fyrir starfsfólk skóla um aðferðir vegna lestrarerfiðleika.
- Tryggja að nemendur fái stuðning í læsisnámi.
- Skima eftir frávikum og veita stuðning og ráðgjöf í framhaldi af skimun.
- Tryggja upplýsingaflæði milli leik- og grunnskóla um stöðu nemenda.

Verkferlar

Aldur	Skimun	Áhersluþættir	Framkvæmd og ábyrgð
1. bekkur	Lesferill og lesskimun fyrir 1. bekk	Lesfimi, hljóðkerfisvitund, stafabekking og málskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesskimun fyrir 1. bekk. Lögð fyrir í október • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
2. bekkur	Lesferill Lesmál	Lesfimi og málskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Lesmál í apríl • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
3. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
4. bekkur	Lesferill, Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
5. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
6. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
7. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
8. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
9. bekkur	Lesferill	Lesfimi	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
10. bekkur	Lesferill	Lesfimi	<ul style="list-style-type: none"> • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu

Niðurstöður og eftirfylgd

- Gögnum úr prófum safnað og niðurstöður greindar.
- Kennarar grípa til aðgerða í samræmi við niðurstöður prófa.
- Nemendur í 1. -4. bekk sem eru undir viðmiðum Lesferils taka stuðningspróf í nefnuhraða, orðleysum og sjónrænum orðaforða.
- Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem eru undir viðmiðum og aðgerðaáætlun gerð til að ná bættum árangri.
- Niðurstöður prófa birtar á Mentor.

